

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um greiðslur vegna tjóna á útihúsum af völdum jarðskjálfta.

Frá Margréti Frímansdóttur.

1. Í hve mörgum tilvikum var um að ræða bótaskyld tjón á útihúsum í jarðskjálftunum á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000? Í hve mörgum tilvikum var um að ræða altjón á útihúsum?
2. Hverjar eru bótafjárhæðir viðlagatryggingar þegar um var að ræða altjón útihúsa, sundurliðað eftir eignum borið saman við brunabótamat, endurstofnverð og áætlaðan endurbyggingarkostnað?
3. Verður mismunur á útgreiddum bótum byggðum á brunabótamati útihúsa og raunverulegum endurbyggingarkostnaði sömu eigna greiddur þeim sem urðu fyrir tjóni?

Skriflegt svar óskast.